

## Greinargerð vegna útgáfu rekstrarleyfis Thor landeldis ehf. í Þorlákshöfn fyrir seiða- og matfiskeldi með allt að 13.150 tonna hámarkslífmassa

### 1. Almennt

Thor landeldi ehf. (kt. 430522-1830), Fiskislóð 14, 101 Reykjavík sótti um nýtt rekstrarleyfi fyrir 13.150 tonna hámarkslífmassa af laxi, bleikju og regnbogasilungi til seiða- og matfiskeldis þann 12. desember 2023.

Eldisstöð Thor landeldi ehf. að Laxabraut 35,37,39 og 41 er staðsett á landi með frárennsli í sjó. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Frárennsli frá eldiskerjum verður hreinsað með þeim hætti að allt eldisvatn er grófhreinsað með grófrist í affalli eldiskerja þar sem allar stærri agnir hreinsast út. Seinni hreinsun, áður en eldisvökvinn fer í viðtaka er með tromlusíu þar sem smærri agnir eru hreinsaðar út. Með þessum hætti nást 70-90% af föstum ögnum úr eldisvatninu áður en það fer í viðtaka. Óverulegar líkur eru taldar á stroki úr stöðinni þegar tillit er tekið til varnarbúnaðar í körum og í frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir samkvæmt lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 2.12 2024 til 3.01. 2025 skv. 10 gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og álit Skipulagsstofnunar, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu

### 2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

#### 2.1 Inngangur

Thor Landeldi ehf. lagði fram umhverfismatskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 7. febrúar 2024 og var álit skipulagsstofnunar gefið út þann 17. júlí 2024.

Í umhverfismatskýrslu framkvæmdaraðila var gerð grein fyrir því að aðal valkostur fælist í því að Thor Landeldi byggji eldisstöð með 13.150 tonna hámarkslífmassa hverju sinni og ársframleiðslu upp á 20.500 tonn af laxfiskum og seiðum. Núllkostur felur í sér að ekki verði ráðist í framkvæmdina og áhrifaþættir bornir saman við þann kost. Staðsetningin er talin heppileg með tilliti til mikils magns af fersku vatni og jarðsjó jafnframt sem sjórinn sé öflugur viðtaki fyrir fráveitu fyrirtækisins þar sem það standi fyrir opnu hafi. Stutt sé í útskipunarhöfn í Þorlákshöfn og til annarra útflutningsleiða. Bornir eru saman valkostir við notkun RAS kerfis og HFT kerfis sem framkvæmdaraðili hyggst nota þar sem hagkvæmni slíks kerfis sé meri.

Matvælastofnun hefur kynnt sér framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, álit Skipulagsstofnunar og önnur gögn sem liggja fyrir afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Thors Landeldis ehf. við Laxabraut 35,37,39 og 41 er í samræmi við kynnta framkvæmd.

#### 2.2. Grunnvatn

Skipulagsstofnun telur töluverða óvissu ríkja um möguleg áhrif fyrirhugaðra grunvatnsvinnslu og kemur sú óvissa m.a. fram í mismunandi niðurstöðum sérfræðiskýrslna þeirra eldisáforma vestan Þorlákshafnar. Þar er ósamræmi m.a. varðandi hve mikill niðurdráttur verður að dýpt ásamt hversu mikið af fersku vatni kunni að berast upp með vinnslu jarðsjávar. Skipulagsstofnun telur afar brýnt að lagt verði unnið ítarlegt mat á áhrifum grunvatnsvinnslu ásamt því að rekstraralíkan verði unnið þar sem áhrif á fyrirhugaða vatnstöku á grunnvatni

verði metin. Matvælastofnun tekur undir með Skipulagsstofnun og telur mikilvægt að grunnvatnsstaða verði vöktun á svæðnu af rekstraraðilum og kveðið á um það í vöktunaráætlun. Í ljósi þeirra eldisáforma sem eru á sama svæði er þetta sérstaklega mikilvægt. Þar sem eldið verður byggt upp í áföngum er mikilvægt að áhrifin séu metin eftir hvern áfanga að mati Matvælastofnunar.

### 2.3 Viðtaki og lífríki í fjöru

Skipulagsstofnun bendir á að viðtaki sé brimsamur og straumar sterkir og því líklegt að sjávarstraumar og brim þynni affalsvatnið fljótt út. Skipulagsstofnun telur að vatnsgæði í viðtaka ásamt lífríki fjörunnar geti orðið fyrir nokkuð neikvæðum áhrifum frá eldinu. Matvælastofnun tekur undir þessi sjónarmið Skipulagsstofnunar og bendir á að vöktun næringarefna sé í vöktunaráætlun Mjög ítarlegar mælingar í frárennsli og vöktun í viðtaka eru settar fram í starfsleyfi og vöktunaráætlun Umhverfis – og orkustofnunar þar sem hægt er að grípa inn í ef áhrif starfseminnar eru umfram það sem gert var ráð fyrir. Umhverfis- og orkustofnun getur jafnframt kallað eftir sameiginlegri vöktun rekstraraðila á svæðinu telji stofnunin þörf á. Matvælastofnun telur að þar sem hreinsun á lífrænum efnum fari fram áður en eldisvökva er veitt í fráveitu að áhrifin verði óveruleg og afturkræf.

### 2.4 Slysasleppingar og smit- og sjúkdómsvarnir

Skipulagsstofnun telur að nægar upplýsingar varðandi sjúkdómshættu í eldinu liggja fyrir ásamt skilningu rekstraraðila á mikilvægi sjúkdómsvarna, það sama eigi við um varnir gegn stroki. Skipulagsstofnun minnir á að þrátt fyrir að stök séu ekki jafn algeng í landeldi og í sjókvíeldi þá sýni reynslan að stök geta átt sér stað í landeldi og minnir á mikilvægi vöktunar. Matvælastofnun tekur undir álit skipulagsstofnunar og minnir á að krafa sé um tvöfalda vörn gegn stroki í eldi, sjá einnig sér umfjöllun í kafla 3 um smit- og sjúkdómsvarnir.

### 2.5 Áhrif á landslag og ásýnd

Skipulagsstofnun telur að ásýnd svæðisins muni taka miklum breytingum gangi áform Thor landeldis eftir ásamt uppbyggingu fyrirtækja þar í kring. Skipulagsstofnun telur að þó svæðið eigi eftir að taka miklum breytingum með uppbyggingu stórra fyrirtækja þá muni vera unnt að draga úr áhrifum þess með því að haga útliti bygginganna þannig að heildarbragur verði á svæðinu. Stofnunin bendir jafnframt á mikilvægi þess að við hönnun mannvirkja verði horft til þess að milda sjónræn áhrif þeirra eftir því sem frekast er unnt.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda Thor landeldis á ásýnd svæðisins við ströndina vestan Þorlákshafnar ásamt þeim fyrirtækjum sem hyggja á uppbyggingu á því svæði verði talsvert neikvæð en hægt sé að minka áhrifin töluvert með góðri samvinnu. Matvælastofnun tekur undir ofangreint álit Skipulagsstofnunar.

### 2.6 Áhrif á jarðmyndanir

Skipulagsstofnun bendir á það í áliti sínu að framkvæmdarsvæði Thor landeldis ehf. við Þorlákshöfn komi til með að raska nútímahrauni eða eldhrauni. Hraunið hafi nú þegar tapað verndargildi sínu að töluverðu leyti, annars vegar þar sem hraunið er hulið foksandi að hluta ásamt því að sjórinn myndað háa malarkamba við sjávarsíðuna og hins vegar þar sem hraunbreiðan hefur þegar verið skorin upp af vegargerð. Skipulagsstofnun telur brýnt að raski á hrauninu verði haldið í lámarki og hraun fái að halda sér þar sem þess er kostur. Matvælastofnun tekur undir ofangreind sjónarmið skipulagsstofnunar.

### 2.7 Áhrif á gróður, fuglalíf og lífríki sjávar

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda muni hafa óveruleg áhrif á gróður, fugla og lífríki sjávar þar sem lítið er um gróður á svæðinu og fuglalíf er lítið vegna aðstæðna. Matvælastofnun tekur undir ofangreind sjónarmið skipulagsstofnunar en tekið er tillit til þessara þátta í vöktunaráætlun Umhverfis- og orkustofnunar..

### 2.8 Áhrif á fornleifar

Skipulagsstofnun bendir á að ákveðin óvissa ríki um verndargildi og mikilvægi þeirra minja sem verða fyrir röskun vegna framkvæmdarinnar. Minjastofnun hefur ekki tekið afstöðu hvað minjarnar varðar en bendir

Skipulagstofnun á að brynt er að fylgja fyrirmælum Minjastofnunar Íslands um skráningu minja sem þarf að raska. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni hafa í för með sér óverulegt neikvæð áhrif á fornminjar verði farið að fyrirmælum Minjastofnunar Íslands. Matvælastofnun tekur undir ályktun Skipulagsstofnunar.

## 2.9 Áhrif á atvinnulíf og byggðapróun

Skipulagstofnun bendir á að gera megi ráð fyrir að uppbygging eldisins muni fjölga atvinnutækifærum í Ölfusi og sú þróun muni hafa í för með sér aðflutnings vinnuafis í einhverjum mæli. Skipulagsstofnun bendir þó á að ákveðin óvissa ríki um hversu mörg störf verði til í sveitarfélaginu með hliðsjón af þeim gögnum sem félagið leggur fram. Í heild telur Skipulagstofnun að áhrif á samfélagið og byggðarþróun á svæðinu séu háð óvissu en með mögulegri jákvæðri þróun á nærsamfélagið. Matvælastofnun tekur undir ályktun Skipulagsstofnunar.

## 3. Smitvarnir vegna sjúkdómstengdra þátta sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar

Með reglugerð nr. 462/2021 var innleidd með tilvísunaraðferð reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 frá 30. janúar 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um lagareldisstöðvar og flutningsaðila fyrir lagardýr. Í 5. gr. reglugerðarinnar, sbr. b. liður 7. gr., kemur m.a. fram að lögbært yfirvald skuli einungis samþykkja lagareldisstöðvar hafi rekstraraðilar þeirra þróað og skjalfest áætlun um smitvarnir (d. biosikringsplan) sem uppfylli tilteknar kröfur, m.a. um að tilgreindar séu þær leiðir sem sjúkdómssvaldur geti komist eftir inn í lagareldisstöðina eða hóp lagareldisstöðva, dreifst innan hennar og borist frá henni út í umhverfið eða til annarra lagareldisstöðva, sbr. a. lið. Jafnframt að tekið sé tillit til sérkenna einstakra lagareldisstöðva eða hóps lagareldisstöðva og tilgreindar mildandi ráðstafanir fyrir hverja áhættu varðandi smitvarnir sem hefur greinst, sbr. b. lið. Að auki er vísað til þátta sem nánar koma fram í viðauka við reglugerðina.

Matvælastofnun kallaði eftir smitvarnaráætlun frá rekstraraðila og bærust drög að henni í tölvupósti þann 3. desember 2024 og uppfær smitvarnaráætlun þann 7. janúar 2025 vegna seiðaeldis. Matvælastofnun óskaði eftir því að sérgreinadýralækni fisksjúkdóma færi yfir smitvarnaráætlunina og gæfi álit sitt á því hvort hún uppfyllti skilyrði framangreindra laga og reglugerða.

Álit Berglindar Helgadóttur sérgreinadýralæknis fisksjúkdóma barst þann 22.01.2025 þar sem hún samþykkti smitvarnaráætlun rekstrarleyfishafa fyrir fyrsta áfanga framkvæmdarinnar.

Í ljósi þessa telur Matvælastofnun að smitvarnaráætlun rekstrarleyfishafa sé fullnægjandi grundvöllur fyrir rekstri stöðvarinnar með tilliti til smitvarna. Kallað verður eftir nýrri áætlun áður en áframeldi rekstraraðila hefst.

## 4. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Sveitarfélaginu Ölfus þann 8. febrúar 2024. Umsögn barst ekki frá Hafrannsóknastofnun. Þann 21. febrúar 2024 barst tölvupóstur frá Fiskistofu þar fram kom að í viðhengi væri umsögn stofnunarinnar. Viðhengið sem fylgdi var þó beiðni Matvælastofnunar um umsögn en ekki umsögn Fiskistofu. Sendur var tölvupóstur þann 21. ágúst á Fiskistofu þar sem upplýst var um framangreint og gefinn frestur til að skila inn umsögn til 2. september 2024. Engin umsögn bars.

### 4.2. Sveitarfélagið Ölfus

Umsögn Sveitarfélagsins Ölfus er dags. 5. mars 2024 en þar kemur fram að sveitarfélagið gerð ekki athugasemd við að Thor landeldi ehf. verði veitt rekstrarleyfi. Í umsögninni kemur fram að þar sem um landeldi væri að ræða væri ekki að mati sveitarfélagsins talin hættu á slyasleppingum sem myndu hafa neikvæð áhrif á vistfræði- eða erfðafræðiáhrif. Helstu áhættuþættir væru líklegast ef hreinsun frárennslis myndu ekki virka sem skyldien það sé á höndum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands að hafa eftirlit með því að hreinsibúnaður stöðvarinnar uppfylli kröfur.

Matvælastofnun bendir á að frárennsli stöðvarinnar verður vaktað samkvæmt vöktunaráætlun fyrirtækisins sem Umhverfisstofnun samþykkir.

#### 4.2. Athugasemdir sem bárust vegna tillögunnar á auglýsingatíma

Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 2.12 2024 til 3.01. 2025 skv. 10 gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og barst engin athugasemd vegna tillögunnar.

### 5. Forsendur útgáfu

Fyrir liggur staðfesting á að byggingarleyfi fyrir Laxabraut 35 var samþykkt þann 24. júlí 2024 af byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss.

Í álitni Skipulagsstofnunar fyrir 20.000 tonna Thor landeldis, um umhverfismat framkvæmdar dagsettu 17. júlí 2024 setur stofnunin þau skilyrði fyrir útgáfu rekstrarleyfis að sett verði skýr ákvæði um vöktun, eftirlit og viðbrögð við sjúkdómum og stroki sem kunna að koma upp í eldinu.

Að mati Matvælastofnunar eru skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis til handa Thor landeldis.

### 6. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Thor landeldis ehf. Rekstrarleyfið heimilar 13.150 tonna hámarks lífmassa í seiða- og matfiskseldi á laxi, bleikju og regnbogasilungi.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfið tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga um fiskeldi nr. 71/2008 og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis landeldisstöðvar er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði sem staðsettur er í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Þar sem gert er ráð fyrir því að eldið verði byggt upp í þremur áföngum mun Matvælastofnun gera úttekt á hverjum áfanga þegar honum er lokið og gefa út gildistökuþráð um að því gefnu að framkvæmdirnar fullnægi skilyrðum laga um fiskeldi, skilmálum rekstrarleyfisins og að byggingarleyfi fyrir framkvæmdunum liggi fyrir.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfis þessa þá afhendir Matvælastofnun jafnframt útgefið starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 27.01 2041.

Selfoss, 27.01. 2025